



# Reykholt

## Deiliskipulagsbreyting - nýjar spennistöðvar



Breyttur deiliskipulagsuppráttur.



Hluti af gildandi deiliskipulagsupprætti með síðari breytingum.

**GREINARGERÐ**  
Bláskógabyggð vinnur að breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Reykholt í Biskupstungum. Settar verða inn tvær lóðir, skilgreindar sem iðnaðarlóðir þar sem heimilt er að vera með spennistöð. Breytt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.

Deiliskipulag fyrir Reykholt var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í maí 2019. Að öðru leyti en því sem að neðan greinir gilda skilmálar þess skipulags, með síðari breytingum. Forsenda breytingarinnar er að stefnt er að byggingu íbúðarhúsa í fyrsta áfanga Tungurima og Borgarríma og er þörf á að efla dreifikerfi raforku í þéttbýlinu.

**BREYTT DEILISKIPULAG**  
Gerð er breyting á greinargerð og upprætti.

Á upprætti er bætt við tveimur lóðum. Önnur er Tungurimi 16a og hin er Skólavegur 2a.


Í greinargerð er gerð breyting á töflu um iðnaðarlóðir í kafla 4.5. Iðnaðarsvæði. Bætt er inn tveimur lóðum í töflu og gerð grein fyrir byggingarheimildum.

Skólavegur 2 minnkar um 56 m<sup>2</sup> við breytinguna og verður 8.524,4 m<sup>2</sup>.

- Tungurimi 16a. Á lóðinni er heimilt að byggja spennistöð, allt að 15 m<sup>2</sup>. Stærð lóðar er 56 m<sup>2</sup>. Aðkoma er frá Tungurima og er heimilt að gera veg að lóðinni. Vegurinn getur eftir atvikum jafnframt verið gönguleið.  
- Skólavegur 2a. Á lóðinni er heimilt að byggja spennistöð, allt að 15 m<sup>2</sup>. Stærð lóðar er 56 m<sup>2</sup>. Aðkoma er um lóðina Skólaveg 2 og er kvóð á henni um aðkomu að spennistöðinni.

**UMHVERFISÁHRIF**  
Ávallt eru staðbundin ásýndaráhrif af öllum mannvirkjum. Nýjar spennistöðvar eru forsenda þess að hægt sé að efla dreifikerfi raforku í Reykholti og byggja upp ný íbúðarsvæði. Sveitarfélagið vill stuðla að áframhaldandi uppbyggingu og fjölgun íbúa.

- SKÝRINGAR**
- Lóðamörk
  - Lóðamörk innri, sveigjanleg staðs.
  - Íbúðarlóðir
  - Lóðir fyrir verslun- og þjónustu
  - Iðnaðarlóðir
  - Útivistarsvæði / opið svæði
  - Byggingareitir
  - Mænisstefna
  - Núverandi hús
  - Lóðastærð í m<sup>2</sup>
  - Lóð nr
  - Götur
  - Bílastæði
  - Gangbraut
  - Gangstétt
  - Gönguleið
  - Lækur / skurðir
  - Skipulagsvæði



Aðalskipulag Bláskógabyggðar í Reykholti, með síðari breytingum 2015-2027 í mkv. 1:10.000.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur verið kynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 17.3.2022

f.h. Bláskógabyggðar

*Elfhverfis- og tæknisveitarfélagið*  
*Veigalögur Sveinsson*  
Skipulagsfulltrúi

**SKIPULAGSGÖGN**  
- Hluti af gildandi deiliskipulagsupprætti í mkv. 1:2.000.  
- Breyttur deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2.000.  
- Aðalskipulag Bláskógabyggðar í Reykholti, með síðari breytingum, 2015-2027 í mkv. 1:10.000.

**KORTAGRUNNAR**  
- Ýmis grunngögn frá sveitarfélaginu.  
- Hæðarlínur frá EFLU verkfræðistofu.

Stamp: 15.02.2022 15:07

**EFLA**

Reykholt  
Bláskógabyggð  
Deiliskipulagsbreyting - nýjar spennistöðvar

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
2137-106/3502-016	A2	IS	SOS
MÆLIKVARDI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:2.000	07.02.2022		
SAMÞYKKT:			

Stamp: 15.02.2022 16:02

